




Lífgeislur

TÍMARIT UM LÍFSAMBÖND VIÐ AÐRAR STJÖRNUR 9. ÁRG. 41. TBL. MARS 1983



Sérhver stillir aðra og stillist af öðrum, til sambands við lífið á öðrum stjörnum. — *Helgi Pjeturss.*

Vetrarbrautin (Sjá forsiðumynd)

Sól okkar er ein meðal 100.000 milljóna annarra sólstjarna, sem mynda hið geisimikla stjörnuhvel – vetrarbrautina.

Stjörnur þær, sem mynda stjörnumerkin eru tiltölulega nálægt okkur í vetrarbrautinni. Þær sem fjær eru sýnast renna saman í einskona breitt band eða móðu, sem liggur um himin og kallað er Vetrarbrautaslæðan. (Erlenda orðið „galaxy“, sem þýðir á íslensku vetrarbraut, er komið af gríska orðinu „galactas“ sem þýðir mjólk).

Mestur hluti allra stjarna í vetrarbrautinni liggur í miðhluta hennar, en þar er hún þykkust eða allt að 10 þúsund ljósár í þvermál. Út frá miðju vetrarbrautarinnar liggja einskona armar og er sól okkar í einum slíkum, í um 30.000 ljósára fjarlægð frá miðkjarnanum, en heildar þvermál vetrarbrautarinnar er talið vera um 100.000 ljósár frá brún til brúnar.

Ekki ganga allar sólstjörnur einar sér eins og okkar sól. Mjög er margt um stjörnur, sem eru tvær, þrjár eða fleiri saman og kallast þá tví-, þrí- eða fleirstirni. Einnig er mikið um lausþyrpingar stjarna, þar sem saman eru á litlu geimsvæði nokkrir tugir eða hundruð stjarna.

Mikið er um geimský, einkum í örmunum og skyggja þau víða á stjörnur sem bak við þau liggja.

Mjög eru stjörnur vetrarbrautarinnar misstórar og misbjartar. Með berum augum getum við aðeins séð þær björtustu, en þó kemur þar ekki síður til fjarlægðin, því að öðru jöfnu sýnast þær dofna við aukna fjarlægð.

Kúlþyrpingar stjarna tilheyra vetrarbrautinni. Þekktar eru á annað hundrað slíkar. Hver þeirra inniheldur um 100.000 sólstjörnur, en sumar þó miklu meira.

Mjög eru kúlþyrpingar þessar fagrar á að sjá og má rétt ímynda sér þá stjörnudýrð, sem íbúi einhverrar slíkrar þyrpingar hefur fyrir augum. Má vel hugsa sér, að lífið á slíkum geimsvæðum sé bæði fagurt og háþróað langt umfram það, sem gerist á okkar kæru fósturjörð.

Ingvar Agnarsson,

Erindi og greinar:

Nýalsmál í Svíþjóð

Mig langar til að segja svolítið frá gangi mála hérna í skólanum í Östra-Grevie í Svíþjóð, þar sem ég stunda nám. Hér er lítill hópur, sem stundar sambandstilraunir.


Þetta voru til að byrja með nokkuð venjulegir miðilsfundir. Þátttakendur voru óvanir og vissu ekki mikið, en þrátt fyrir tilraunir mínar kom ekki annað fram en að um „anda“ væri að ræða í sambandinu; þó samþykktu „andarnir“ að sambandið stafaði af hugsanaflutningi. Við þetta sat í nokkurn tíma og gerðist heldur lítið. Það var erfitt að halda uppi viðræðum við „andana“ því umræðuefni skorti.

Í vetur komu ný sambönd, var þar um að ræða ítalskan balletdansara sem sýndi nokkur dansspor í gegnum miðilinn og fleira fólk. En það sem var kannski enn athyglisverðara var að þeir tóku til við að þjálfra fleiri og fleiri í okkar hópi, svo að um tíma voru allir þátttakendur á einn eða annan hátt. Þetta líktist einna helst trúarathöfn, eins og maður gæti ímyndað sér slíka hjá indíánum Suður-Ameríku.

Það var sem einn okkar væri æðsti prestur, gekk hann um og safnaði orku, stundum söng hann á óskiljanlegri tungu. Við hin sátum í hring á gólfinu, ýmist á hækjum okkar eða með krosslagða fætur og virtist áriðandi að maður sæti rétt og beinn í baki. Stúlkurnar hreyfðu hendur sínar á reglubundinn hátt og ósjálfrátt. Sumir sáu fyrir sér geysistöra fugla (Slíka er að finna í trúarbrögðum indíánanna). Þessu fylgdi mikil orka. Þetta náði hámarki í tvö skipti og var þá einnig gerð tilraun til að þjálfra mig í að taka við orku til huglækninga. Það krafði hins vegar mikillar orku af þeim sem sátu fundinn og urðu þau mjög þreytt og leið, nokkrir gengu út, og varð þetta til að fundirnir leystust upp í bili.

Nokkru áður en þetta gerðist hafði byrjað að bera á sambandi í

vinkonu minni, þegar við ræddum um svona mál. Hún hafði ekki verið með á hinum miðilsfundunum, nema einu sinni. Hins vegar bárust slíkar skoðanir oft í tal, vegna þess að ég vann að þýðingu á yfirliti Ólafs Halldórssonar yfir kenningar dr. Helga. Það kann að hafa leitt til sambandsins. Í vinkonu minni lýsti sambandið sér þannig að sá sem kom fram tók fyrst yfir hendur hennar og fingur, það virtist auðveldast. Hann reyndi að gera sig skiljanlegan á táknmáli og gat ég varpað fram spurningu í huga mér og fengið svar þannig að



hann til að verjast ytri áhrifum eða truflunum og beindi þá litla fingri og vísifingri þangað sem truflunin kom. Það sem er svo sérstakt með þetta samband, er að við erum bara tvö þegar hann gerir vart við sig og virðist það duga, hann er nú að reyna að ná valdi á talfærum hennar og hefur getað sagt einstaka orð. Hann hefur gefið lýsingu á sér, að hann hafi sítt hár og skegg, stórt nef og ef til vill gleraugu.

Þýðingin sem ég nefndi er loksins klár, og skrifaði ég hana í ca. 45 eintökum og runnu þau öll út. Ég dreifði fyrst og fremst til þeirra sem hafa heimspeki á stundaskrá sinni og til þeirra sem hafa verið á miðilsfundunum. Yfirlitið var síðan tekið til umræðu á miðvikudaginn var og stóð ég fyrir svörum eftir bestu getu. Mörgum þótti þetta athyglisvert og það voru nokkrir sem sögðu að sjálfsagt væri að tileinka sér þessar skoðanir, því þær virtust réttar og meira vit í þeim en öðrum slíkum kenningum. Tíminn var hinsvegar naumur, en það virðist vera áhugi fyrir að taka upp umræður að nýju við betra tilfelli.

Sumir sýndu áhuga á að eignast bókina *Astrobiology* eftir Porstein Guðjónsson og flestir voru hissa á, að þeir skyldu ekki hafa heyrt um þetta mál fyrr og að ekkert skuli vera til þýtt á sænsku. Ég ætla að biðja um að mér verði send eitt eða tvö eintök af *Astrobiology*. Eins og sést á þessari frásögn minni, þá hefi ég ekki bara setið auðum höndum. Hér gerist ýmislegt, sem er áhugavert. Gaman hefði ég af, að fá fréttir af Nýalsmálum heiman að, ef einhverjar eru.

*Ólafur Bjarnason,
Östra Grevie Folkshögskola,
23500 Vellinge, Svíþjóð.*

Þrjár ágætar bækur.

Guð og Skoðun hjá Aristótelesi. John Dudley 1982.

EDDU-þýðing Karls Simrocks 1983.

Himinfræði Goðþjóðar. O. S. Reuter 1982.

1. Guð og Skoðun hjá Aristótelesi (Gott und Peoría bei Aristóteles) eftir John Dudley, kennara við kaþólska háskólann í Nijmegen, Hollandi, kom út hjá forlagi Peter Lang, Jupiterstrasse 15, CH-3000 Bern 15, árið 1982. Svo er að sjá sem höfundur þessi, írskur að ætt og öðli, sé einn af þessum frábæru lærdómsmönnum, sem allt virðist vera tiltækt, fornt og nýtt, og búinn er hann hugsunarskarpleika í bezta lagi. Ég veit ekki hversvegna hann leggur sig svo mjög fram um að senda bók sína, og bréf í kjölfar hennar, til óþekkts manns norður á Íslandi, og gengur ríkt eftir því að sá fari að skrifa um bókina. En ég held að það væri rangt að skorast undan þessu, þó að geta og kunnátta sé af skornum skammti.

Í „Guð og Skoðun hjá Aristótelesi“ rannsakar Dudley nokkur aðal hugtök og kennisetningar heimspekingsins eins og þau koma fram í ritunum: Nicomachosar-lífernisfræði og Alsælu-lífernisfræði, og í Politeia. Það er haft eftir Aristótelesi að „hinn fullkomni maður“ sé sá, sem iðkar það að *skoða guð* og *skoða eins og guð*. „Því að líf guðanna er að öllu hamingjusamt, og svo er og líf mannanna, svo fremi að nokkur líking hins fyrrnefnda lífs falli því í skaut“. Manninum ber að leitast við að líkjast guði, og með þessari viðleitni segir Aristóteles, að maðurinn geri sjálfan sig ódauðlegan. „Og því meir sem honum tekst þetta því meir ódauðlegur verður hann“. Þetta segir Dudley að sumir hafi talið vera mótsögn, þar sem annaðhvort sé maðurinn ódauðlegur eða hann er það ekki. Dudley reynir að skýra þetta sjálfur: „Þar sem guð er ódauðlegur“, segir hann „er það varanlegast hjá mannum, sem mest líkist guði, það er hugsunin. Og með því að skoða kemst maðurinn lengst í því að nálgast hið ódauðlega“. (Því að af því að skoða rétt leiðir rétta breytni). Niðurstaða Dudleys er auðsjáanlega sú að það séu aðeins verk mannsins sem lifa áfram, eða réttara sagt: hann telur sig ekki geta lesið annað út úr þessum orðum Aristótelesar (bls. 63). Má vera að slíkt sér rétt samkvæmt aðferðum ritskýrenda, en þó fer varla hjá því að það hafi vakað fyrir Aristótelesi, að sá

þroski sem menn ávinna sér í þessu lífi, komi þeim að haldi síðar.

Hina nákvæmu hugtakagreiningu Dudleys um *nús* og *logos* (vit og ætlun) um *psyche* og *pneuma* (sál og huga), *bíos* og *zoe* (lit), *peoría* og *Peion* (skoðun og hið guðlega) o. s. frv. ætla ég ekki að reyna að endursegja hér, en nefna má að hann leggur mikla áherzlu á að rekja það hvernig Aristóteles talar um *guði* og *Guð*. Þar er um að ræða í fyrsta lagi tilvísanir til hinna sælu guða Hómers, sem Dudley efar að A. hafi trúað á, í öðru lagi til *hins frumhreyfanda*, hans sem öllu kemur af stað, og álykta má að hljóti að vera til, líkt og Snorri telur í Eddu að fornir vitringar hafi gert, þegar þeir hugleiddu gang himintungla og mikilleik heimsins. Í þriðja lagi segir hann að Guð sé sú niðurstaða sem A. leiðist til, þegar hann fer að tala um guði og hið guðlega eða með öðrum A. leiði tilveru Guðs (í eintölu) af tilveru guða og hins guðlega. Þarna virðist mér vera mótsögn hjá Dudley sjálfum, því naumast verður ætlað að A. hafi leitt hina æðstu og tignustu hugmynd af því sem hann sjálfur taldi vera óveruleik eða hégóma. En Dudley telur þessa ályktunarleið A. mjög þýðingarmikla (s. 18).

Um fræðimenn þessarar aldar segir Dudley, að þeir hafi flestir farið eins og flóttalega kringum Guð Aristótelesar, og viljað binda sig við það mest að rekja sögu eða þróun orða og hugtaka – og unnið margt þarft á því sviði – en þó muni enginn fá réttan skilning á Aristótelesi nema sá sem kunni að hugsa um Guð með honum.

Eitt hið einkennilegasta sem Dudley hefur eftir Aristótelesi, er það að Guð hafi engin áhrif á það sem gerist í veröldinni, sé ekki verkandi orsök þar, en þó sé hann engu að síður „tilgangsorsök“ þess sem þar gerist. Þetta er skýrt þannig, að þegar hinn fullkomni maður fer að sjá guð, verður þessi fagra mynd innri sjónar til þess, að maðurinn fer að reyna að líkja eftir þessari sjón sinni, og þar með fara atburðir í heimi að stefna til þess að verða guðlegir. Allt líf hefur eitthvað af þessum neista, en hvort hið líflausa efni hefur nokkuð af honum, þykir Dudley vera nokkuð vandskilið mál.

Í þessum þætti hugleiðinga Dudleys um Aristóteles, nefnilega þessu um „tilgangsorsök“ og það hvernig Guð fer að því að „koma mönnum til“ að leita hins rétta, grunar mig að séu mikil efni til áframhalds. Það væri ákaflega einkennilegt þetta, að sumir hnettir skuli vera jafn ömurlegir bústaðir og raun ber vitni, ef mætti guðs væru ekki takmörk sett, í líkingu við það sem þarna er haft eftir Aristótelesi.

Vitið (nú) er aðalsmark mannsins og það sem næst er Guði, enda verður Guð séður með tilstyrk þess, hefur Dudley enn eftir Aristótelesi. Um nú segir íslensk heimspeki, að það sé ekki nóg að þýða slíkt sem „hugur“, „vit“ eða „andi“ heldur verði að gera ráð fyrir *vitkrafti*, – nú –, sem sé raunverulegur allt eins og rafmagnið. Fæst þá gott vit í margt sem áður þótti mótsagnakennt.

Ég ætla ekki að hafa þetta lengra, en vona að það verði til þess að einhver sem þetta sér eigi eftir að kynna sér vandlega áminnzta bók.

2. Endurútgáfa á **EDDU-þýðingu Karls Simrock** frá 1851 – áður Iendurútgefinni af Gustav Neckel 1926. Frú Sigrun Schleipfer-Friese skrifar formála fyrir þessari þýðingu vinar málfræðingsins Jakobs Grimm, en Simrock tileinkaði honum látnum verk sitt með fögru kvæði. – Þó að þýðing geti ekki komið til jafns við það sem ort var á frumtungunni – íslenzku, – vekur þetta ágæta verk fyrirmyndina af dvala í huga manns, og heimur fer að lifna eins og forðum. „Nú man ek heima, nú íviði“. Þessar hendingar í annarri vísu Völuspár þýðir Simrock þannig að hann lætur „íviði“ þýða „Áste“ það er greinar á lífstrénu, og hygg ég það vera nær sanni en flestar þýðingar aðrar. En ég hef einhverntíma haldið því fram að „íviði“ séu fræ þau eða græðlingar sem lífstréd sprettur upp af í hinum nú heimum. Völvan man aftur fyrir allt líf, og sýnir það bezt hveæva-forn hún er. (Hún er í framlífi, en skáldið í frumlífi).

Frú Sigrun Schleipfer-Friese skáldar merkilega og skemmtilega út frá Goðsögnum, í blaði sínu *Irmisul* og víðar, og hún leyfir sér að fara á kostum hugarflugsins í sambandi við Sæmund fróða og félag hans – „allir erum vér börn hjá Boga“ – enda er hún átta barna móðir og hinn mesti atorkumaður á marga lund, og dái mjög Sæmund fróða. – Raunar hefur aldrei verið afsannað að Sæmundur hafi átt þátt í varðveizlu kvæðanna, og verður að teljast mjög líklegt að hann hafi komið þar við sögu, þó að heimildir skorti. En Brynjólfur biskup Sveinsson skrifaði á handritið: Edda Sæmundi Multiscii, og hefur hann naumast gert það án þess að hafa eitthvað gamalt fyrir sér. Mikilsverðast er að kvæðin komist í hendur lesenda og að því er stefnt með þessari endurútgáfu. Ég óska frú Schleipfer-Friese til hamingju með framtak sitt. Útgefandi: Armanen-Verlag, Kloiberweg 4 D-8193 Ammerland. – Allir sannir EDDU-vínir ættu að ná sér í eintak: DM.30.00.

Þrjár pólstjörnur á þrjúþúsund árum.


3. Ævintýralegust er reyndar saga þriðju og síðustu bókarinnar sem ég hef hér í huga. Ég heyrði einhverntíma Samúel D. Jónsson rafvirkjameistara lesa kafla úr „Ofan jarðar og neðan“, eftir Theódór Friðriksson. Sú frásögn festist mér í huga, og mér varð oft hugsað til sumardvalar Theódórs í Flatey sumarið 1939, og samræðna hans þar við Jóhannes í Neðribæ, í framhaldi af því sem dr. Jón Dúason hafði áður sagt Theódór um frægð Flateyjar í vísindaheiminum. Hafði dr. Jón verið að segja honum frá mikilli bók, sem skrifuð hefði verið suður á Þýzkalandi um forna stjörnufræði, og væri þar drjúgt skrifað um Íslendinginn Odda Helgason og dvöl hans í Flatey forðum, – en Oddi var einn hinn mesti stjörnuspekingur á miðöldum, og mætti vel heita hinn fróði eins og samtímamenn hans Sæmundur og Ari. *Himinfræði Godþjóðar* hafði dr. Jón kallað bókina, og vildi nú svo óvænt og furðulega til, að meðan Theódór var í kaupamennsku sinni í Flatey, kom bátur að landi frá Húsavík sem á var O. S. Reuter, höfundur hinnar sömu bókar. Hafði hann með sér stjörnufræðing að nafni Rolf Müller til þess að mæla allt sem bezt út í sambandi við mælingar Stjörnu-Odda, en brot af þeim hefur varðveitt.

Fyrir svo sem tveim árum vaknaði mér nýr áhugi á því að kynna mér bókina *Himinfræði Godþjóðar*. Ég spurdist víða fyrir, en mér var sagt að þessi höfundur væri einn hinna löngu gleymdu, og bækur hans gersamlega horfnar. Einn bókavinur ljósritaði fyrir mig allmargar síður í safni. Loks tókst duglegum verzlunarmanni að hafa uppi á bókinni, ágætu eintaki. Um Stjörnu-Odda, sem þarna er meira skrifað um en nokkurn annan, ætla ég ekki að skrifa hér, heldur aðeins minnst á eitt atriði þarna sem ekki er séríslenzkt. Það er um pólstjörnuna, sem heitir líka leiðarstjarna. Til er fyrirbæri sem heitir möndulfærsla (precession) og er í því fólgið að möndull jarðar breytir smám saman um afstöðu til stjarna hins víða geims. Í fornöld, á dögum Grikkja, var norðurskaut himins því ekki þar sem nú er, heldur nærri hinum enda Litla-Vagns. Allir viðurkenna Grikki, og vitað er að þarna var skautið þá. Nú á dögum er pólstjarna sú stjarna sem er fremst í kjálka Litla-Vagns. Er hún nú mjög nærri því að vera rétt Pólstjarna. Allir viðurkenna þetta, því nútíminn viðurkennir sjálfan sig. En hvaða menningarstig er milli Forngríkkja og nútímans? Hinar myrku miðaldir, – munu menn segja – þegar fáfræði var ríkjandi og menn vissu lítið um stjörnurnar. En nú leiðir Reuter, höfundur

Himinfræðinnar, óyggjandi rök að því, að bæði Englendingar, Þjóðverjar og Norðurlandabúar höfðu á miðöldum sérstaka *Leiðarstjörnu* (Loadstar, Leitstern) til þess að sigla eftir og sést á því að þar er átt við þá stjörnu sem norðurskaut himins var miðað við.

„Sú stjarna er ekki björt“, segir um þessa leiðarstjörnu í fornu íslenzku handriti, og hefði engum dottið í hug að taka þannig til orða um núverandi pólstjörnu. Auk þess er fullvíst að hún gat ekki verið pólstjarna þá, vegna möndulfærslunnar. Reuter reiknaði nú út hvar skautið hefði verið á þeim öldum sem næstar eru byggingu Íslands. Kom þá í ljós að stjarnan 32 *Camelopardalis Hevelii*, stjarna af fjórðu stærð (þ. e. ekki björt, eins og stendur í handritinu) var sú eina sem til greina getur komið. Af þessu verður ljóst að Forngermanar voru svo miklir stjörnufræðingar, að þeir höfðu með eigin aðferðum fundið þá pólstjörnu sem hæfði tímabili þeirra, og brúa þeir þannig bilið milli forngrískrar stjörnuþekkingar og þeirrar sem nú er. Leiðarstjarna var nafnið sem þeir gáfu þessari pólstjörnu, og hefur það orð síðar, eftir að þekkingin gleymdist, runnið inn í orðasafn líkingamáls. En í upphafi var hér um vísindalegt hugtak að ræða.

Reuter taldi að Jörmunsúlunni saxnesku hefði verið beint að þessum stað himins með mikilli nákvæmni, verið beinlínis stjörnu-mælingatæki, og með fullkomlega gildum rökum sýnir hann að stjarna sú sem Nikulás Bergsson frá Munkaþverá miðaði út á bökkum Jórdanar árið 1153, með líkamsfræðilegum aðferðum,



Nikulás Bergsson mælir hæð pólstjörnu (leiðarstjörnu) á sléttum velli við ána Jórdan árið 1153 (eða 1154).

hlýtur að hafa verið sama stjarnan og þessi leiðarstjarna (sjá ritið *Leiðarvísan* frá 12. öld) Er margt ósennilegra en það, að Nikulás hafi verið kunnugur Stjörnu-Odda og lært af honum þessa aðferð, því að þeir voru samtímamenn.

Lengra ætla ég ekki að rekja þessar stjörnufræðisögur, sem þó eru nóg efnin í – en það sögulegasta er þó eftir. Þegar ég hafði komið yfir að lesa megnið af þessari 800 bls. bók, sem ég hélt að enginn annar hefði áhuga á, frétti ég það að búið sé að endurprenta hina löngu gleymdu Himinfræði Goðþjóðar eftir O. S. Reuter. Forlagið heitir Wieland-Seyka, Postf. 101420, D-2800 Bremen 1, og verðið DM 64.00. Leiðarstjarnan er risin á himin að nýju.

Þorsteinn Guðjónsson.

MYR:

Spekiorð úr kenningum Anaximanders

(F 611 f. Kr. í Miletos í Litlu-Asíu).

Ekkert sérstakt efni er upphaf náttúrunnar.

Það sem öll veröldin og allar veraldir eru komnar frá er „hið ótakmarkaða“ og hið óræða.

Allt efni hvílir í „hinu ótakmarkaða“ og er frá því komið.

Ekki er skýr lína milli anda og efnis.

Í upphafi var andinn.

Náttúran, hin sýnilega veröld fyrirbrigðanna, skapast úr „hinu ótakmarkaða“.

Lífið og náttúran birtist allsstaðar í andstæðum.

Frá „hinu ótakmarkaða“ rísa ótal veraldir, sem þó hverfa allar aftur til upphafs síns.

DRAUMAR OG STILLIÁHRIF FJÖLDANS

I.

Við hjónin fórum norður í land fyrir allmörgum árum og vorum þar í fáeina daga á gistihusi. Við þekktum dálítið til í þessu héraði, höfðum komið þar oft áður og notið ánægjunnar af að hitta gott fólk.

Fyrstu nótt okkar á þessum stað, dreymdi mig að við værum á einhverju ferðalagi ásamt konu nokkurri, sem við þekkjum vel. Hún er æst og ergileg og segir: „Ég veit, að það er hættulegt fyrir mig að vera með ykkur. Þið hafið oft narrað mig til að drekka brennivín og gert mig blindfulla. Þið eruð mesta óþokkafólk“.

Ég vissi mig saklausan af þessum ásökunum konunnar og varð bálreiður. Ég þóttist segja: „Þú lýgur þessu, eins og þú ert löng til. Það er líka þér líkt að koma illu af stað og bera róg og illmælgis milli fólks“. Og fleira ljótt þóttist ég segja. — Ég vaknaði heldur æstur upp af þessum draumi.

II.

Næstu nótt dreymir mig nokkuð hliðstæðan draum. Þótti mér ég vera gestkomandi hjá manni, sem ég þekkti vel. Hann spyr mig, hvort ég kunni ekki ákveðið sönglag, sem hann nefnir. Jú, svo er, og ég raula lagið fyrir hann. Þá biður hann mig að leika lagið á hljóðfæri (orgel), sem þarna var, svo að hann geti lært það. Ég geri svo. Leik lagið og finnst mér takast það vel.

Þá segir hann við mig og rödd hans er allt í enu orðin þóttafull og köld: „Þú ert alltaf að monta þig af því, að þú sért svo lagvís og að þú kunnir svo mörg lög. En þú ert ekkert meiri en hver annar. Þú ert bara monthani“.

Mér fannst þessi orð hans koma úr hörðustu átt. Aldrei hefði ég sýnt honum annað en vináttu og góðleik. Ég varð því ofsareiður og svaraði honum á þessa leið: „Þú ert sá mesti skíthæll, sem ég hef þekkt. Þú ert öfundsjúkur rógberi og hefur ekki vit á að skammast þín. Þú launar alltaf gott með illu. Slíkt hæfir ómenni eins og þér“. Og ég rausaði eitthvað fleira yfir honum. Ég vaknaði svo upp af draumi þessum í illu skapi.

III.

Draumar þessir voru fullir af rangþýðingum (ákveðin manna-nöfn o. fl.), eins og frásögnin ber með sér. Mig hafði þarna dreymt tvo ómerkilega drauma, fulla af ergi og sundurþykki og með óvild í minn garð, sem mér fannst ég ekki eiga skilið og sem ég reiddist af.

Nú hef ég áður haft reynslu af því, að draumar mínir bera stundum einhvern keim af því andlega andrúmslofti eða staðbundna lífafslvæði, sem ég er staddur í, í það og það skiptið, ef ég er á ferðalögum. Ég hafði haldið, að í þessu héraði ríkti góðvild og einhugur meðal íbúanna og að hver vildi öðrum allt hið besta.

En nú, er mig hafði dreymt þessa drauma hverja nóttina eftir aðra, fór ég að hugleiða, hvort einhverjir agnúar eða misbrestir kynnu að vera á sambúð og samskiptum þeirra, er þarna áttu heima. Hafði ég hug á að kynna mér þessi mál, ef unnt væri, því margt getur leynst fyrir ókunnugum, þótt yfirborðið sýnist fagurt.

Daginn eftir þennan síðari draum, heimsóttum við vinafólk okkar, á einum bæ þessarar sveitar og var okkur tekið með alúð og hlýju eins og ávallt áður. Rætt var um allt milli himins og jarðar, eins og gerist og gengur. Loks tókst mér að beina talinu að samskiptum fólks í sveitinni og sambýlisháttum. Kom þá í ljós, að mjög skorti á, að vel sé í þeim efnum. Allir þekkjast vel, eins og að líkum lætur, en allir öfunduðu alla, hver einn reynir að leggja stein í annars götu og niða skóinn hver niður af öðrum. Þetta gerist þó ekki opinskátt heldur í leyni. En augnatillit og óvinsamleg framkoma leynir sér þó ekki, og kemur einnig fram í tali, í hálfkveðnum vísum, í ögrandi hnippingum og glósum ýmiskonar. Andrúmsloftið er mettað óvináttu og óeiningu mestan part, og illu umtali og hafa þessi góðu hjón, sem við heimsóttum orðið nokkuð fyrir barðinu á þessum ófögnuði.

En undantekningar eru þó ýmsar og eiga þau góða og einlæga vini innan sveitarinnar.

IV.

Ég skil nú betur en áður, hvernig staðið hefur á þessum ergilegu draumum mínum, sem af var sagt í upphafi. Hvert hérað eða landsvæði fyrir sig, myndar sitt eigið aflsvæði, eftir innræti og hugarfari þeirra, er þar búa. Hugarfar meirihlutans ræður mestu um, hvernig það aflsvæði verður í megindráttum. — Draumar aðkomins einstaklings, geta mótast af þessu meginafslvæði, því

meirihluti íbúanna eða áhrii frá þeim stilla til ákveðinna sambanda, draumsambanda og annarra sambanda. Því sterkara eða samstilltara sem aflsvæðið er, til góðs eða ills, því ákveðnari verka stilliáhrif þess á hvern einstakling til sambands við íbúa annarra lífaflsvæða, þar sem stefnan getur verið upp á við eða niður á við.

Tala má um lífatlsvæði hvers héraðs um sig, um lífaflsvæði alls landsins og loks um lífaflsvæði jarðarinnar sem heildar. — Enginn getur verið laus undan áhrifum fjöldans, heildarinnar. Því er engum í sjálfsveld sett, hveira lífsambanda hann nýtur, hvort þau eru góð eða ill, upp á við eða niður á við. Mjög er því áriðandi að góðvildin sé hið ráðandi afl manna á meðal. Af því ræðst að meira eða minna leyti, heill og hamingja hvers manns.

Lífsambönd þau, sem ráðast af stilliáhrifum eins á annan, hafa meira að segja fyrir líf hvers einstaklings, en enn er vitað um eða almennt viðurkennt.

Ingvar Agnarsson.

MYR:

Spekiorð úr kenningum Palesar

(F. um 626 f. Kr. — D. um 548 f. Kr. Fæddur í Miletos í Litlu-Asíu).

Allt í tilverunni er af einni rót.

Hið fyrsta er hið eina.

Hvað var fyrst? Hvað er það sem allt er komið frá? Hvað er alveran? — Svar: „Vatn“ (Þ. e. andinn, guddómurinn er upphaf og orka allra hluta).

Efni og andi eru ekki fjarskyldir hlutir.

Tilveran er full af guðum.

ROFIN LÍFSAMBÖND

Hugsanleg frumorsök sambandsleysis Íslendinga við guðina.

Í Snorra-Eddu segir svo:

„Sá er einn staður, er kallaður er Álfheimar; þar byggir fólk það, er Ljósálfar heita, en Dökkálfar búa niðri í jörðu, og eru þeir ólíkir þeim sýnum og miklu ólíkari reyndum. Ljósálfar eru fegri en sól sýnum, en Dökkálfar eru svartari en bik“.

Hér er lýsing á fólki, ólíku mjög í sjón og reynd í andstæðum svo miklum, að naumast getur fólk kallast, eftir skilning okkar jarðarbyggja, því hér mun komið vera fram yfir mannsstig í tvær áttir. Hér er verið að lýsa verum, sem lengra eru komnar en jarðbyggjar í fegurð og ljótleika, í góðvild og illsku.

Fornmenn munu hafa haft sambönd við framlífsverur á öðrum hnetti eða hnöttum, þar sem svo mjög skipti í tvö horn, að sumar þessar verur voru *guðir* en aðrar *djöflar*, svo sem mjög kemur fram, bæði í frásögnum Snorra og í Eddukvæðum.

Ýmsar lýsingar benda til þess, að verið sé að segja frá lífinu á jarðstjörnu með bundinn möndulsnúning. Er þá alltaf sólskin á öðrum helmingi hnattarins en myrkur á hinum. Ljósálfar hafa lifað á birtuhlið hnattarins en Dökkálfar á myrkurhliðinni. Hafa Ljósálfar verið fagrir mjög og máttugir en Dökkálfar illir og ljótir, „*svartari en bik*“ og að öllu illir „*reyndum*“. — Hefur verið um stöðuga árekstra að ræða milli þessara „*ólíku*“ manngerða, sem raunar voru komnar langt fram yfir mannsstigið, í tvær andstæðar áttir. Hafa Ljósálfar átt mjög í vök að verjast fyrir illri ásókn Dökkálfa. Eftir langa viðleitni Ljósálfa til varnar gegn Dökkálfum, mun svo hafa farið, að varnir hafa bilað, náttúruöfl hnattarins hafa farið úr skordum og öfl sólar þess sólhverfis hafa tryllst gjörsamlega með þeim afleiðingum að stórkostleg sólsprenging hefur orðið, svo sem vel má skilja af hinum fornu sögum. Heimsslit hafa hér orðið, Ragnarök. Og afleiðingar þessara heimsslita hafa orðið ógnvænlegar og afdrifaríkar, ekki aðeins fyrir íbúa þess hnattar, heldur einnig fyrir mannkyn óteljandi annarra hnatta víða um geim, og þá ekki síst fyrir frumlífsmannkyn. Því við þessi heimsslit rofnuðu, a. m. k. í bili, hin góðu lífsambönd milli Ljósálfa (þ. e. hinna guðlegu vera) og ýmissa mannkynja, þ. á. m. þau magnandi

guðasambönd, sem forfeður okkar Íslendinga höfðu við þá haft um langan aldur áður.

Ég hygg að til þessa stórkostlega alheimsviðburðar megi rekja frumorsök þeirrar hnignunar atgervis og framsóknar, sem forfeður okkar urðu að sæta og raunar fleiri þjóðir, norrænar og germanskar, sem áður nutu lífsambanda og lífmagnanar frá guðunum á þessum framlífshnetti, sem Eddurnar segja okkur frá.

Að vísu munu guðirnir (Ljósálfar, Æsir, o. s. frv.) hafa eignast bústaði á öðrum fullkomnum hnetti eða hnöttum. En áreiðanlega mun þetta mikla áfall, eyðing lífnattar þeirra, hafa dregið úr líforku þeirra fyrst á eftir og e. t. v. um alllangt skeið, svo erfitt hefur reynst þeim að ná aftur upp þeim orkusamböndum, sem hingað höfðu legið áður.

En auk þess munu Ragnarök þessi hafa dregið orku úr öðrum framlífsmannkynjum, þótt á lífstefnuleið hafi verið. Því heimsslit sem þessi er alheimsáfall og líklega meira en við getum gert okkur í hugarlund.

Þar til viðbótar kemur og, að álfheimabúar, „Dökkálfar“, sem Snorri talar um, geta komið áhrifum sínum við meðal frumlífsmannkynja eins og okkar, því fremur sem líforka hinna lengra komnu má sín minna.

Margt fleira mætti um þetta rita og rekja hugsanlega atburðarás lengra fram, en ég læt hér staðar numið í bili.

Ingvar Agnarsson.

MYR:

Spekiorð frá ýmsum tímum

Eftir að *andinn*, (þ. e. guðdómurinn), skapar veröldina, þá er hann í henni og stjórnar henni.

(Úr Memfis sjónleiknum).

Andinn er fyrstur og hans er mátturinn til að skapa.

(Úr Memfis sjónleiknum).

Heimskingjarnir fara aldrei rétt með orð viturs manns. (Bertrand Russell).

UM STILLIÁHRIF OG DRAUMA

Þann 6. júlí 1982 kom ég heim frá Mallorca, en þar hafði ég verið í eina viku. Mér leið þar vel og naut dvalarinnar á þessari sólskinseyju, eins og flestir þeir, sem þangað koma. Eyja þessi, sem er 3640 ferkílómetrar að stærð, má heita eitt allsherjar skemmti- og afþreyingarland, sem margar milljónir manna heimsækja á hverju sumri.

Á meðan ég var á Mallorca, varð ég þess var, að mig dreymdi einstaklega vel á hverri nóttu. Í hverjum draumi var ég einkennilega sæll og allt sem fyrir augu þar var sérstaklega fagurt, litir allir voru skærir og bjartir, langt umfram það sem gerist venjulega í draumi eða í reynslu vökulífsins. En draumar þessir voru heldur losaralegir eða ósamfelldir, í þá vantaði söguþráð. Það var líkast því sem draumgjafaskipti væru ör. Ég gat engan draum munað í heild, heldur aðeins einstaka leiftur úr þeim, eða þætti sem allir voru fagrir, en áhrifin eða sælukenndin, sem voru aðaleinkenni þessara drauma, fylgdu mér inn í vökuvitundina og leið mér ávallt einkennilega vel að draumlökum og fyrst á eftir.

Daginn eftir heimkomu mína lagði ég mig um stund, líklega í svo sem tvo tíma og ýmist svaf eða mókti. Mig dreymdi hvern drauminn á fætur öðrum. Allir voru þeir stuttir, en engan þeirra get ég munað svo vel, að hægt sé frá að segja. En að loknum hverjum draumi, leið mér ákaflega vel og mundi þá ýmsar sýnir og atvik úr hverjum þeirra, þótt gleymt væri að mestu, er ég loks vaknaði að fullu. Eitt er þó munað, og er það sameiginlegt úr draumunum öllum: Þeir voru hver öðrum fegurri og einhver ólýsanleg unaðskennd barst sofandi vitund minni. Ég er því viss um, að draumgjafi minn, eða draumgjafar mínir (því líklega hafa þeir verið fleiri ein einn) hafa átt heima á einhverri stjörnu, þar sem lífið er fegurra og yndislegra í alla staði, en það líf, sem við eigum hér að venjast.

Frekar er óvenjulegt, að dreyma svo fagra drauma og mun einkum valda skortur góðrar samstillingar samjörðunga og þar með skortur góðra stilliáhrifa.

Ég minntist á, að eyjan Mallorca sé mikill skemmti- og afþreyingarstaður. Tilgangur flestra mun vera hinn sami, með ferð til þessarar eyjar: Fólk kemur þangað einkum úr norðlægari löndum, til að njóta þar sólar og sumars, lands og sjávar, útiveru í óbrigðulli veðurbliðu. Þarna ætti því að vera kjörinn staður til að myndast gæti sameiginlegt aflsvæði og þar með æskileg stilliáhrif, sem leitt


gætu til sambanda upp á við, til lengra kominna íbúa annarra hnatta, þar sem fegurð og hamingja er á miklu hærra stigi, en við menn eigum við að búa.

Mér finnst einmitt draumar mínir, bæði á Mallorca og fyrst eftir komu mína þaðan, benda til sterkra og góðra stilliáhrifa frá þeim mörgu, sem þar eiga dvöl um lengri eða skemmri tíma og einnig frá þeim milljónum, sem heima sitja en hugsa þangað með löngun og eftirvæntingu, sem hins fyrirheitna sælulands, sem það vissulega er mörgum.

Mér dettur einnig í hug, hvort vellíðan sú, sem flestir telja sig njóta á þessum stað (og að vísu á öðrum stöðum hliðstæðum) muni ekki að einhverju leyti eiga rætur að rekja til bættra lífsambanda vegna sameiginlegra, góðra stilliáhrifa, er hver einn nýtur.

Ingvar Agnarsson
(7. júlí 1982).

TVÆR FAGRAR VETRARBRAUTIR



Vetrarbrautirnar hér að ofan eru báðar mjög fagrar á að sjá. Sú til vinstri er í Stórabirni og ber skrásetningarnúmerið M-81 og er í 8,5 milljón ljósára fjarlægð. – Til hægri er M-51 og gengur hún einnig undir nafninu Svelgurinn. Hún er í stjörnumerkinu Veiðihundarnir. – Báðar eru af þeirri gerð sem kallast þyrilþokur. – Næðust öflug lífsambönd við íbúa þessara vetrarbrauta eða annarra, myndi þar verða upphaf meiri breytinga til batnaðar, en enn er hægt að óra fyrir.

I. A.

NÝALL OG ANDSTÆÐUR HANS

Gunnar Hjörvar, Nýalssinni, er óneitanlega dálítið frumlegur stundum, í orðatiltektum sínum, á þann hátt sem einungis getur tekizt hjá þeim sem lagt hefur sig fram um að læra íslensku vel. Einna bezt þótti mér honum þó takast upp þegar hann fór að skýra fráhrarf manna frá Nýal, þeirra sem það hefur hent, með því að eiturnautnir hafi valdið. Gunnar sagði:

„Árið 1937 las ég Nýal uppi á Holtavörðuheiði og varð hugfanginn af honum. En nokkru seinna fór ég að reykja, og síðan hætti ég að hugsa um Nýal og gekk í KFUM og var þar í 30 ár þangað til Nýall fór að rifjast upp fyrir mér í annað sinn. Friðrik Friðriksson, hinn mikli og merkilegi foringi KFUM las goðafræði Grikkja og Rómverja og heillaðist af henni þegar hann var ungur maður, en svo fór hann að reykja og eftir það gerðist hann KFUM-maður. Sigurbjörn Einarsson var ungur menntaskólanemi um 1930, hugfanginn af Nýal, og ákveðinn að beita sér fyrir framgangi hans, en svo fór hann að drekka, og ágerðist það uns hann vaknaði upp í fangelsi eina nótt, aumlega á sig kominn, og náði þá predikari valdi á honum og beindi honum á þá braut sem hann hefur verið á síðan“.

Afar athyglisverðar eru þessar hliðstæður, eins og Gunnar setur þær fram. Í „Játningum“ 1948, sem Símon Jóh. Ágústsson gaf út, gefur Sigurbjörn það í skyn að hann hafi lent í drykkjuskapnum af því að hann hafi hallast að Nýal, en slíkt er fjarstæða, eins og bezt sést á því að þeir sem gleggstan skilning hafa haft á þeim málum, hafa verið manna frábitnastir áfengi. Gunnar Hjörvar hefur endanlega kippt fótunum undan þessari þjóðsögu Sigurbjarnar sem hann kom á kreik og hefur tekizt að fá of marga til að trúá. Vonandi tekst framfaramönnum innan kirkjunnar að fá því framgengt að hætt verði að veita vín með altarissakramentinu.

Þorsteinn Guðjónsson.

TÍMI ALHEIMSINS

Fjarstæður og villur í nafni vísinda eru víst jafngamlar og vísindin sjálf, meðal annars vegna þess hve mannkyni jarðar vorrar hefur verið „ósýnt um heimspeki“, eins og Helgi Pjeturss komst svo skemmtilega að orði. Jafnvel þar sem menn höfðu komið að tiltölulega réttum niðurstöðum um einstök atriði drógu menn af þeim rangar ályktanir, — af því að hina heimspekilegu yfirsýn vantaði. Nefna mætti ýmsar fráleitir kenningar úr sögu vísindanna en ég læt mér nægja að drepa á nokkrar frá þessari öld: og þá sérstaklega kenningu þá sem kom upp um 1930, um það að sólhverfi vort, það er að segja reikistjörnur þess hefðu myndast við einhvern alveg sérstakan, tilviljunarkenndan atburð sem væri svo ólíklegur að hann hefði eiginlega hvergi annarsstaðar getað gerzt, og þar af leiðandi, já einmitt þar af leiðandi gætu engin önnur sólhverfi verið til í alheimi. — Samtímis þessu var það mjög haft á oddinum í líffræðinni að hin fyrsta byrjun lífsins í efninu hlyti að hafa orðið við einhverja mjög ólíklega tilviljun, sem eiginlega hefði alls ekki átt að geta átt sér stað, og þar af leiðandi, já einmitt þar af leiðandi gæti hvergi verið líf í alheimi nema hér. Hin þriðja höfuðvillan sem sett var á flot um sama leyti var bandalag þeirra Einsteins, Podolskis og Rosens um að túlka eðlisfræðina á þann hátt að fjarhrif gætu eki átt sér stað, túlkun sem síðar hefur sýnt sig að vera úr lausu lofti gripin, einnig hvað hina fræðilegu framsetningu snerti, hvað þá um niðurstöðuna.

Gegn þessum falskenningum, sem svo eru réttnefndar, varð kenning Nýals að standa og sækja. Það þarf engan að undra, þótt róðurinn yrði torsóttur. Vel sé hverjum þeim, sem af heilindum hefur lagzt á árar á því skipi. Farkostinum má með réttu líkja við árabát eða áraskip, þótt hann mætti eiga fyrir sér að verða sem Skíðblaðnir.

Þrátt fyrir allt hafa réttar hugsanir leitað á. Fred Hoyle fór einhvern tíma að virða fyrir sér svið vetrarbrauta og hins víða geims, og gerði þá sér til undrunar merkilega uppgötvun, sem var augljós og ómótmælanleg. Heimur sólna og vetrarbrauta þróast allur í réttri tímaröð, alveg eins og heilbriggt vit segir mönnum að hann hljóti að gera. Hvergi var rúm fyrir tíma-afbrigði, öfugan tíma eða tímavillur af tagi Einsteins, sem ákaft hafði verið haldið fram, og meðal annars komið fram í hinum herfilegu **svartgata**-fjarstæðum. Alheimurinn sýnir sig að vera samfelld og samtengd

heild sem þróast áfram í sama tíma, geimtíma, kosmiskum tíma, sem er í engri mótsögn við reynslutíma einstaklingsins. — Auðvitað lagði Fred Hoyle ekki í það að mótmæla Einstein, en ábending hans um kosmiskan tíma hefur víða komið við, og gert villuhugsun erfiðara fyrir.

Góður lesandi: tíðindi er að segja, tíðindi sem eru að verða en ekki að fullu orðin, og skulum við því vera hljóðlátir og stilltir á meðan. Í Science Digest, bandaríska vísindatímaritinu þar sem umræður eru nokkru frjálsari en víða annarsstaðar, er verið að skrifa um Einstein og Bohr og ósamlyndi þeirra varðandi kenningu Plancks (skammtakenninguna). Þar kemur fram að kenning Plancks fól það í sér að samband efnisagna gæti verið með óendanlegum hraða um óendanlegar fjarlægðir. Þetta er á byrjunarstigi hjá þeim nú.

En sennilegt er að kenning Plancks hafi átt að verða sú eðlisfræðilega undirstaða, sem hin líffræðilega kenning Nýals hefði mátt fengjast við, og ná þannig meira afli til sín en varð. Hvíllík sorg, hvíllík hörmung að menn skyldu ekki bera gæfu til að vinna að þeim málum meðan tími var til (1920–1930). — En nú skrifum við 1983, og enn er tími til stefnu.

Þorsteinn Guðjónsson.

MYR:

Úr „Gleymd stef en geymd“ eftir Símon Jóh. Ágústsson

Áhrif líknarverka líða aldrei undir lok.

Nú stari ég þyrstur í þurrausna brunna.

Veglegt er hlutverk mitt:
að vera maður,
geta skynjað tilveru mína,
grunað fullkomnara líf
en mér er auðið að lifa.

Hver drangi að síðustu fellur í hafið.
Loks fynnist frægð og smán.
Andvana er sögulaus veröld.

Hnöttur hinna dauðu hugahræringa: Jörð

Öndum á ládeyðuna og vitum hvort hún svarar ekki. Svo gerði frumskaparinn í öndverðu, eftir dauðan fyrri alheim.

Lífgeislar nr. 40, bls. 162.

Svo hefur oss þrífaldlega tjáð verið, „að handan“ að stjörnunni Jörð kunni að verða betri forlaga auðið en þeirra að farast í kjarnorkueldi. „Ég þykist geta eygt betri tíma framundan,“ segir einn. Þannig taka þeir til orða, hver af öðrum, með ýmsum tilbrigðum. Þessu verður að trúá, tí þess að hægt sé að lifa. En til þess að hægt sé að trúá því, er óhjákvæmilegt að trúá jafnframt á æskuna. Það hefur aldrei gerzt, að ellin hafi sigrað heiminn eða bjargað heiminum. En hún hefur getað rétt æskunni hollráð og hönd til bjargar.

Ég þykist sjá hvað hefur öðru fremur sljógvað hugsunina. Það er afstæðishyggjan. Dæmi: Maður að nafni E. fór að tala um hreyfingar tunglsins. „Tunglið sýnist ganga um jörðina“, sagði hann. „En er nú víst að svo sé? Við getum eins vel hjúgað okkur að það gangi um sólina“, hélt hann áfram. „Við teiknum braut jarðar um sólu og braut tungls um sólu (það er hægt, á sama blaði) og er þetta að vísu dálítið flóknara og óreglubundnara, en enginn getur fullyrt að annað sé réttara en hitt“. Fram koma tvær hlykkjöttar punktálínur umhverfis sólu, og færast þær á misvíxl þannig að litli punkturinn er ýmist utar en sá stóri eða innan við hann. Og menn standa og undrast, við þúsund menntaskóla og háskóla, og segja: „hvorugt öðru réttara“.

En þetta eru ósannindi. Í raunveruleikanum gengur tunglið um jörðina. Raunveruleikinn er ekki punktar á blaði, heldur hnettir í himingeimi. Fullyrðing herra E. er jafnröng og þeirra, sem voru að segja, að kenning Kópernikusar hefði ekki verið vitund réttari en Tychós Brahes. Þá villu hef ég hrakið með skipulegri aðferð, og þeir hafa engin rök haft á móti. (Ungur maður beitti aðferðinni – og hafði betur). En að hafa rökin er náttúrulega ekki hið sama og hafa máttinn og möguleikana til að gera af þeim afl í mannheimi, afl hinnar vaknandi hugsunar. Ævinlega verðum við að leggja hugsanir okkar niður í rásir hinna streymandi krafta, í þeirri von að þær berist lengra og víðar. Hvenær munu kraftarnir fara að streyma út frá okkur sjálfum og hugsanir framflytjast beint?

Pegar Jarðarmaður skynjar gegnum Nærstirning*) að stjarna hans sjálfs glóir þar á öðrum himni, stjarna meðal stjarna, sem hann þekkir flestar, því að þær skína einnig hér, — er stigið stórt skref í stjörnulíffræðiátt, fótfestu ná a afarörðugum hjalla, sem verður að yfirstíga, áður förinni er lengra fram haldið.

Þorsteinn Guðjónsson.

EFLING ÆÐRI LÍFSAMBANDA

Ekkert er okkur jarðarbúum eins áriðandi, og að komast í nánari tengsl við hin miklu alheimssambönd lengra kominna mannkynja annarra lífstjarna og njóta þaðan lífmagnandi áhrifa og leiðsagnar til batnandi lífs á jörðu okkar.

Á sumum öðrum lífstjörnum og í sumum öðrum vetrarbrautum eru samstilltar lífheildir háproskavera, magnaðra mjög og kærleiksríkra, sem beina líforku sinni, mannkyni okkar til hjálpar. Þar er óþrotleg uppspretta æðri kraftar.

Almenn vitnerkja um tilvist slíkrar öflugrar og magnandi líforku-upsprettu, er forsenda þess, að takast megi að hagnýta þennan aðsenda kraft.

Og til þess að geta veitt honum viðtöku, þarf samhug margra og samtök þeirra, er skilning hafa á tilvist og eðli lífsambanda og þar með hinna æðri afla alheimsins.

Hér gætu Íslendingar verið í broddi fylkingar, því hvergi annarsstaðar í heimi hefur jarðvegurinn verið undirbúinn á sama hátt og hér.

Það er hinn íslenski heimsskilningur, sem hér gæti ráðið úrslitum.

Ingvar Agnarsson.

*) Innan ca. 50 ljósára fjarlægðar.

Ljóð:

„LJÚFLINGUR, LJÚFLINGUR“

„Heill þér, hilmir stjarna,
heillar vetrarbrautar“.
Allir þínum orðum
ávalt fúsir hlýða.
Æðri lífsins orka
um þig gjörvöll streymir.
Í þér mætist einum
allra reginkraftur.

Magnaður af mætti
megin-sterkrar heildar
stjórnar þú með stilli
straumum alheims-hvela.
Allra að þú nýtur,
allir svo þín njóta.
Ótal máttug mannkyn
magnan frá þér hljóta.

Ó, þú mikli máttur,
megin-sterka vera:
Bein þú æðri orku
efst frá hvelum stjarna
gegnum auðnir geimsins,
gegnum heljar sljóðir,
láttu geisla lífsins
leysa mannkyns fjötra.
Ingvar Agnarsson.

LOKI

Öndótt*) eru augu Loka,
illur jötunn breytir litum,
eins og hverfist æstur logi
æðisgenginn lands um byggðir.

Engu hlífir, engu þyrmir
æstur jötuns grimmdar losti,
varnarsnauðir lífið láta,
Loka fyrir heljar greipum.

Einhverntíma upp mun renna
dagur, þegar drottinveldi
Loka verður lagt að foldu,
lyftist dimmur myrkra hjúpur.
Ingvar Agnarsson.

*) Öndóttur – ógurlegur.

VITKUMST OG VITINU BEITUM

- 1) Við hýrumst á útjaðri alheims
og örlaga grimdra við bíðum;
helheima áhrifin ill,
öllum virðast brjóta sér braut.
- 2) En frá gimheimi glæstum,
hvar glóir hin bláheiða sunna,
himinbjört heillandi drótt
hingað æ sendir sinn mátt.
- 3) Vitkumst og vitinu beitum
þá víst mun oss hamingjan bíða.
Blessandi bláheima þjóð,
birtu mun færa á fold.
Ingvar Agnarsson.

Draumar:

Draumljóð. — Draumur

Mér þótti lítill drengur koma heim til mín, ásamt fleirum. Ég hafði heyrt, að hann væri farinn að yrkja ljóð, sem þættu góð. Ég hafði því hug á að heyra eitthvað eftir hann og bað hann að fara með einhverja vísu eftir sig. Það var auðsótt og lét hann mig heyra vísu. Ég fann strax, að henni var ætlað að vera ort með hefðbundnum hætti, en þóttist strax sjá, að stuðlasetningin væri mjög áfátt og jafnvel endarími. Drengurinn beið í ofvæni eftir álitinu mínu. Ég sagði: „Mér finnst hugsunin í vísu þinni vera ágæt, en vilstu einnig að ég segi þér, hvað mér finnst um sjálfan skáldskapinn á henni?“

Drengurinn varð auðsjáanlega vonsvikinn og fór að gráta. Ég reyndi að gera gott úr þessu og sagði við hann: „Þú ert nú svo ungunn, að þess er ekki von að þú vitir skil á bragreglum í öllum atriðum. Ég gæti sagt þér helstu reglurnar í bragfræði í hefðbundnum ljóðum. Ég finn að þú ert efni í skáld, en þarft að læra ýmis undirstöðuatriði, svo að ljóðin þín geti orðið lýtalaus. — Um nýtískuljóð gegnir öðrum máli, því þar þarf engar reglur til að fara eftir.“

Það glaðnaði yfir drengnum við þessa ræðu mína. „Ég hef líka gert óbundin ljóð“, sagði hann og rétti mér blað með litlu ljóði og las ég það:

„Á botni hafsins eru árin
og bíða mín.
Pau laga sig eftir mér
og gefa loford um vangetu“.

Í þessu vaknað ég snögglega og var klukkan þá 3,30 um nóttina. Og ég þóttist glöggt muna hvert orð í þessum setningum, sem drengurinn fór með. Ég náði mér því tafarlaust í blað og penna og ritaði orðin, sem enn virtust vera svo skýr í huga mér.

II.

Er ég nú lít yfir þessar setningar úr draumnum, get ég ekki annað séð, en að þær hafi á sér sterkan svip sumra nútímaljóða: Hugsunin er brotakennd og óraunhæf, kemur sitt úr hverri áttinni án raunsærra eða efnislegra tengsla. Á ekkert skylt við hefðbundin kvæði með ljóðstöfum, rími og háttbundinni hrynjandi.

Vera kann, að einhver orðabrengr hafi orðið við yfirfærsluna frá draumgjafa mínum yfir í mína vakandi vitund, eins og oft mun vera. En eitt er nærri víst: Orð þessa draumljóðs draga ekki dóm af minni eigin hugsun. Ég sjálfur hefði ekki getað sett þessar setningar saman. Til þess eru þær of ólíkar mínum hugdettum.

Draumgjafi minn virðist aftur á móti vera af gamla skólanum, hvað álit á skáldskap snertir, en vill ekki særa viðkvæmar tilfinningar drengsins, sem trúir honum fyrir fyrstu ljóðasmíðum sínum.

Vonandi tekst honum (draumgjafa mínum) að leiðbeina drengnum til rétrar áttar, svo að þar geti komi fram skáld, sem á það nafn skilið með réttu.

Einhversstaðar hljóta þeir báðir að vera til sem raunverulegir einstaklingar, annars hefði þessi draumur ekki orðið.

Ingvar Agnarsson

(Dreymt nóttina fyrir 25. júlí 1982, þá staddur í Frankfurt í Þýskalandi).

„Ég er dáin“. — Draumur

Ég vakna allt í einu upp við eitthvað og verð heldur en ekki bylt við, ég er í alókunnugu umhverfi.

Og fyrsta hugsun mín er sú, hvar ég hafi veið í gærkvöldi og fer yfir í huganum hvað hafi gerst og fl. En kemst ekki að neinni niðurstöðu. Fer ég þá að líta í kringum mig. Er ég í stóru fallettu rúmi, sem himinn var yfir og tjald fyrir á hægri hlið, finnst mér þetta vera úr rauð-bleikju plussi og ofsafínt, rúmfiötin voru úr hvítu efni og var sem silfurslíkju bæri yfir (kann ég ekki að nefna það). Ég hugsa að ég þurfi að fara fram úr rúminu og skoða mig um, þá kannski átti ég mig á hvar ég sé stödd.

Sest ég fram á rúmstokkinn og er þá hvítt rýjateppi á gólfinu og náttborðið var hvítt með marmaraplötu og var lampi á því. Dyrnar voru lokaðar og voru þær hvítar með gylltum útskurði. Lít ég betur í kringum mig og sé þá gardínur í sama lit og hengið yfir rúminu og við hliðina á hurðinni var stór spegill í gylltum ramma. Verður mér starsýnt á sjálfa mig í speglinum því þetta er ég svo sannarlega. Aðeins eitt er breytt, það er komin mikil kyrrð yfir andlitið á mér og friður, var ég í langerma, fallegum, hvítum náttkjól.

Sú hugsun flýgur í gegnum huga mér, „Ég er dain, Guð minn góður, ég er dain“ og grípur mig hræðsla og hugsa til dóttur minnar, hvað verði nú um hana. „Ég er alls ekki tilbúin að fara héðan, því ég á svo mörgu ólokið!“

Síðan fer ég að hugsa til mömmu, hvernig best sé að láta hana vita hvernig komið sé fyrir mér. Jú, best sé að láta hana dreyma mig, hún muni þá skilja allt!

En um leið opna ég svefnherbergishurðina framm á ganginn og, er allt þar eins og venjulega og verð ég nú hálf klumsa og lít aftur inn í svefnherbergið, þar er allt eins og áður. Labba ég þá um íbúðina og er allt sem fyrr. Fer ég þá aftur inn í svefnherbergið. Þá er allt þar eins og venjulega. Þá kemur yfir mig hræðsla, nú hljóti ég að vera orðin alveg snar rugluð!

Ég upplifði þetta allt, þetta var enginn draumur, það er alveg öruggt.

Auðvitað er til skýring á þessu öllu, eftir Helga Pjeturss., en þetta er í fyrsta skipti sem ég upplifi svona skýrt samband.

Reykjavík, 23. 03. '83,

V. H. S.

Draumur fyrir veikindum

Mér fannst ég vera á gangi á indislega fallegum stað og var umhverfið mjög suðrænt, mikill gróður, tré, blóm og sólin skein glatt. Þarna gekk ég alsæl og bar þrjár töskur, tvær í hægri hendi og mjög fallega og dýrmæta kálfskinnstösku í þeirri vinstri, og fannst

mér að hennar yrði ég að gæta vel. Ég kom að læk sem rann út í vatn, sem var ekki stórt um sig, gekk út í lækinn, en er ég var komin út í hann miðjan kom maður sem staðið hafði hinum megin við bakkann og teygði hann sig eftir kálfskinnstöskunni eins og hann vildi taka við henni svo ég missti hana örugglega ekki út í lækinn. Ég rétti töskuna á móti honum, en um leið og ég kom upp á bakkann tók hann töskuna og fleygði henni út í vatnið. Ég snöggreiddist og henti frá mér hinum töskunum og stakk mér á eftir kálfskinnstöskunni. Vatnið reyndist dýpra en ég hafði haldið og virtist mér botnlaus hylur sem ég sogaðist dýpra og dýpra niður í. Ég fór að hugsa og komst að þeirri niðurstöðu að nú væri dauðastundin runnin upp og var ég komin með köfnunartilfinningu og var orðin alveg súrefnislaus. Þá allt í einu sá ég til botns, sem þakinn var gulum sandi á milli mjög fallegs græns gróðurs. Mér fannst ég leggjast á botninn og þar náði ég í súrefni og gat andað. Er ég hafði jafnað mig, stóð ég upp og leit í kringum mig til að athuga hvort taskan væri sjáanleg. Já, þarna var hún þó nokkuð langt í burtu, skorðuð milli gróðurs. Ég sá fram á, að það hefði enga þýðingu núna að nálgast töskuna, því ég væri hvort sem er dauðadæmd þarna niðri í hylnum og ég lagðist á botninn. Þá allt í einu fann ég mikinn titring eins og jarðskjálfta á botninum og ég stóð upp og þá var eins og einhver kraftur þeytti mér upp í gegnum vatnið, krafturinn var svo mikill að öll fötin þeyttust utan af mér og ég flaug þráðbein heillengi og loks þegar ég kom upp úr vatninu hélt ég áfram að þjóta upp í loftið. Við þennan hyl var sólbakaður gulur klettaveggur þverhnýptur og ég endaði uppi á syllu á honum miðjum, mjög hátt uppi. Þarna stóð ég nakin og fannst ég engu betur stödd heldur en niðri á vatnsbotninum, og komst ég hvorki upp né niður. Og þarna sem ég stóð og braut heilann um hvað ég gæti gert, vaknaði ég.

Ég hafði verið veik í 3 til 4 ár þegar mig dreymdi þennan draum. Skömmu eftir drauminn veiktist ég mjög hastarlega og má segja að ég hafi verið viðloðandi sjúkrahús síðan og varð blind 10 árum síðar.

Ég réði drauminn strax þannig að sennilega myndi ég veikjast mikið og yrði aldrei fullfrísk.

Þennan draum dreymdi mig haustið 1969.

Sigurlaug.

SAMBANDSFUNDIR:

Sambandstal í einrúmi

Helgi Pjeturss. Sæll og blessaður.

Ég hugsa til þín og ég sendi til þín kraft. Og er óskandi, að um sem best samband okkar á milli geti orðið að ræða. En orkuflutningur á milli stjarnanna er þess eðlis að eigi er auðvelt að koma þessum krafti fram þar sem ófullkomin skilyrði eru til að taka á moti honum. Lífaflsvæði hnattar þíns er eigi enn sem öflugast, en margfalt öflugra þyrfti það að geta orðið, og má þá vænta hinna merkilegustu framfara mannlífsins í heild. Guðleg magnan og kraftur þarf hér betur að ná tökum í mannlegum hugum og líkömum, til þess að á jörðinni geti orðið lífað réttilega. Orka hvers eins þarf að verða margfalt meiri og mun svo verða, þegar hin íslenska heimspeki og stjörnulíffræði öðlast slíkt fylgi sem þarf. Skapandi vit mannsins mun vaxa til mikilla muna, og má þá gera ráð fyrir að listir og vísindi öll muni taka hinum stórkostlegustu framförum.

Stjörnulíffræði munu jarðarbúar leggja mikið kapp á að efla sem mest í framtíðinni, eins og svo mjög er nauðsynlegt öllum jarðarbúum til framfara. En með skilningi á lífgeisluninni og lögmálum hennar, má segja að skapist nýr grundvöllur til rannsókna á lífinu og eðli þess. Líffræðileg þekking mannsins er ófullkomin mjög, meðan ekki er vitað um undirstöðueðli lífsins, sambandseðlið. Og verður hér að hugsa djarft og hugsa stórt til að standa ekki í stað. Láta það ekki henda sig að standa gegn stærstu tilraun til að færa út vísindalega þekkingu á lífi og heimi sem gerð hefur verið. Þó að mörgu þurfi að breyta og margt þurfi að endurmeta er til þessa hefur verið talið gott og gilt í vísindum og heimspeki, er þó betra að leiðrétta, en vaða í villu endalaust.

Í framfaraátt er ekki stefnt ef ekki er leitast við að bæta við þá þekkingu sem fyrir er og rétt reynist. Í hverju einu máli er nauðsynlegt að undirstaðan sé nógu traust. Og ber því að athuga sérhvert mál til grunns áður en farið er að bera fram niðurstöðurnar.

Sveinn Haraldsson

(Skráði jafnóðum hverja setningu).

Sambandstal í einrúmi

Sjópenháer, sæll.

Ég tala til þín heima á hnetti fögrum. Tilveran er furðuleg. Mjög er það í framfaraátt, sambandið við aðrar stjörnur, ef það verður nógu fullkomið. Sjópenháer er ég, og það er mér mjög í huga, að geta talað við mannkyn ykkar og sagt því ýmsa merkilega hluti. Þjóðirnar á ykkar jörð þurfa að skilja, að líf er á öðrum hnöttum og að það eru á milli stjarnanna furðulegir sambandsmöguleikar.

Þarf öllum mannkynjum að verða þetta ljóst, og samvinna og samtök allra þjóða um að koma þessum framförum á. Þjóðirnar þurfa að skilja það, að lífið er aðeins byrjun (á jörðu) og að það er lifað áfram á óteljandi stjörnum til vaxandi þroska mannsins.

Sjópenháer, vinur, hef ég áhuga á að segja frá mér og hnetti mínum, ef ég gæti nú eitthvað sagt.

Hann er á mjög fagurri stjörnu og þar er engin ósamstilling á milli einstaklinga né þjóða.

Þar er framfarahugur alveg eindreginn og góðvild og samhugur manna á meðal. Samtök alls mannkyns ákaflega mikil til góðs. Sambandsorkan vaxandi furðulega. Allir aðnjótandi mikillar líf-orku. Og það þýðir heilbrigði og góða líðan sérhvers manns.

Óumræðilegur og stórkostlegur máttur milljónanna.

Það magnast einnig annað líf, jurtir og dýr svo að allsstaðar er vaxandi framför. Já, þetta er framfarahnöttur, og skemmtilegur.

Rofnaði hér sambandið.

*Sveinn Haraldsson.
(Skráði jafnóðum hverja setningu).*

Sambandstal í einrúmi

Burdlik, Burdlik, sæll.

Ánægjulegt er það að geta talað nokkur orð við þig af minni stjörnu nú.

Á minni stjörnu, þar sem líf er á líku stigi og á þinni stjörnu.

Þar sem helstefnan ræður og þar sem að þekking er lítil, lítill skilningur á sambandsmálum. Þar sem líf er á frumlífsstigi, mjög skammt komið; þar sem vit er lítið. Þar sem heimskan er öflug. Miklir möguleikar á að bæta um vitið samt. Sannleikans sigurs og þekkingar er þörf. Það er ekki helstefnan þegar vitið er sterkast. Þar sem eru ósamlyndir og fjandsamlegir lifendur, þar er vitið ekki orðið ríkjandi.

Helstefnan skal þó sigruð verða þó að allir illir vilji beita sér á móti.

Þar mun koma að framfarir verða og ill öfl gerð óvirk. Hugsunarþroskinn þarf að aukast. Skilningshæfileikinn að magnast, samhugurinn að vakna, samstillingin að skapast. Þeir eru til, sem á frumlífshnöttum skilja sambandseðli lífsins. Og þar er í frumlífi á slíkum hnöttum lífsnaðsyn að vitið sigri.

Guðirnir láta sér mjög annt um þær hreyfingar sem réttilega stefna.

Það sem er stórnaðsynlegt, er, að guðirnir megi ná tökum á slíkum hreyfingum.

Er það svo, að lífið verður að læra að beita vitinu, guðleg magnan verður þá mikil. Magnan vits og skilnings þarf að takast. Sambandsmálin verða að komast á örugga braut. Einlægur vilji og góð greind, vit og skilningur margra er nauðsynlegur. Þar sem guðirnir ná tökum fullkomlega, þar koma guðirnir viti og skilningi nægilega við.

Traust á sérstökum mönnum til forystu í þessum málum er nauðsynlegt til sigurs. Á þessari stjörnu þar sem ég á heima, hef ég með mér trausta og góða vini, nokkur styrkur er mér að þeim. Þeir skilja mínar uppgötvanir og þeir treysta því sem ég segi þeim. Í sannleika sagt þá er þetta mér mjög til stuðnings hvað vinir mínir eru mér hliðhollir.

Sannir vinir og göfugir og það er góð samstilling okkar á milli. Á milli manna þarf að vera góðvild og skilningur og svo, að vit manna njóti sín, traust. Á milli vina er nauðsynlegt að góðvild ríki og skilningur, samhugur og traust.

Það er töluvertsem við höfum getað komið mönnum til að hugsa og gera sér grein fyrir hlutum hér. Það eru þó nokkrir vinir og stuðningsmenn er bætst hafa í okkar hreyfingu. Síðan við fórum að geta náð sambandi við ykkur hefur heldur verið um framfarir í hugsun að ræða. Milli hnatta okkar þarf mjög að takast sem öflugast og skýrast samband. Á stjörnum okkar sem eru í vetrarbrautinni nálægar, og lífið á þeim á skyldu stigi, þyrftu að verða sem mestar framfarir og um lífstefnu að ræða. Stjörnur þessar sem eru með þeim ófullkomnari í vetrarbrautinni þurfa að uppgötva samband lífsins, komast á hina réttu leið samstillingar og góðvildar. Á hinum ýmsu frumlífshöttum þar sem helstefnan ræður er þörf á uppgötvunum sem sýna fram á hvernig má breyta um stefnu.

Þar sem framfarahugur er kominn fram á slíkum stjörnum er byrjun rétrar stefnu. Þar stillast skyldir saman, og sambandsmöguleikar og tengsl skapast á milli þeirra hnatta. Þetta tekst með tímanum og við tölumst við og höfum mikið samband í framtíðinni, áreiðanlega, og vertu sæll.

Sveinn Haraldsson.

(Skráði jafnóðum hverja seingju).

Fyrir miðilsmunn

Miðill: Sveinn Haraldsson.

132. Þorbjörg Sveinsdóttir, föðursystir Einars Ben.

Það er mannþyrping í fögru umhverfi hér. Mjög margt fólk samankomið, er hugsar til ykkar. Ég er ekki í fyrsta sinn að tala, en það er mjög í mínum huga að tala til fólksins, hvernig sem til tekst.

Þið eruð að hugsa til framliðinna og sambands við þá, sem er lofsvert í sjálfu sér. Minnst þeirra, sem fluttir eru af jörðinni og leita sambands við þá og treysta böndin milli framliðinna og ykkar. Þetta er stórpýðingarmikið málefni, sem allt mannkyn varðar öllu öðru fremur í raun og veru, hvernig tekst framkvæmd þess. En tilraunir til að ná sambandi við aðra hnetti, við framliðna vini þar, þurfa að verða öllum áhugaefni og ekki dugir þar minna en milljónalið ef vel á að vera, til þess að koma þessu máli í fullkomnara horf. En auðvitað verður að byrja einhversstaðar og þó í smáum stíl sé, er það vonandi, að framhaldið verði því öflugra. Nú veit ég,

hvernig hugarfarið er, menn líta þessi mál misjöfnum augum og þess vegna er erfiðleikum háð, að koma þessum málum áleiðis. En ég er þó ekki vonduf um, að úr þessu muni rætast, því frá öðrum hnöttum er mikil viðleitni til að hafa áhrif á hugi jarðarbúa og beina stefnunni í rétta átt. En þetta þarf íslenska þjóðin að sameinast um. Og nú hugsa til Íslands ýmsir andans menn sögunnar, sem hafa öðrum fremur verið skyggnari á hið rétta og þeir fylgjast með hverju skrefi í rétta átt, er fram er stigið.

Ætla ég ekki að fjölyrða þetta meir að sinni.

17. 8. '81.

133. Óþekktur maður.

Margvíslegar vitverur byggja hina ýmsu hnetti. Það eru mannkyn misjafnlega langt komin, víða. En það eru til meiri en mannlegar verur líka, fullkomnari nokkrum mönnum og munu þær verur þó hafa verið í mannlíki en komist á enn hærra stig vits og máttar. En ég er maður og af jörðu ykkar upprunninn og á heima þar sem er mikill hugur í mönnum að stefna til æ meiri fullkomunar. Og er þetta mannkyn hið öflugasta. Ef hægt væri að láta ykkur njóta orkunnar betur á ykkar jörð, kæmi brátt að því, að jarðarbúar sigruðust á helstefnu, er þar ríkir í mjög háskalegum mæli. Samt ætla ég nú ekki að fjölyrða (það) hér að þessu sinni. Ég finn áhrif frá fundi ykkar til mín og til þátttakenda. Ég get ekki kvartað yfir þessum áhrifum. Ég er ánægður með andrúmsloftið á ykkar fundi. Það virðist, að þörf væri margfaldlegrar meiri magnanar þó meðal ykkar. Rétt væri að reyna að bæta eitthvað úr því, ef unnt væri. Það eru ýmsir vísindamenn hér og fræðimenn, þar sem ég er staddur á ráðstefnu og eru þetta margra þjóða menn, mörg þjóðerni, og stórmerkilega fróðir menn. Þeir eru að ræða um framsókn lífsins í Vetrarbrautinni. Og þeir eru að bera þetta saman við ýmsar vetrarbrautir. En þetta er stórmerkilegt vísindalegt viðfangsefni. Eruð þið Íslendingar taldir vera útvaldir af æðri verum til sérstaks hlutverks. Til þess mikilsverða hlutverks að ryðja sannleikanum braut. En hvernig Íslendingar rækja þetta hlutverk - - - (spóla búin)

24. 8. '81.

*Gunnar Hjörvar
ritaði eftir segulbandsupptöku.*

Til lesenda Lífgeisla

Um leið og þetta 1. hefti nýs árgangs Lífgeisla berst áskrifendum, viljum við þakka ánægjuleg samskipti á liðnu ári, og óskum þeim jafnframt allra heilla á því ári, sem nú hefur hafið göngu sína. Hvert ár flytur með sér gleði og sorgir, en einnig möguleika til ýmisskonar ávinnings. Öll berum við í brjósti ýmsar óskir, sem við vonum að rætist og áhugamál hvers og eins rætast venjulega því fremur, sem unnið er betur að framgangi þeirra.

Nýalssinnar óska þess, að stuðla að **bættum lífsamböndum** jarðarbúa við lengra komna vini á öðrum stöðum alheims. Til þess að svo mætti verða, vilja þeir leggja fram hug og orku og leitast við að bæta eigið hugarfar og eigið lífverni, en það er eitt meginskilyrði þess, að vel megi takast. Þegar velviljuðum hugsunum er beint til meðbræðra, þá er þar um sambandsbót að ræða. Öll góðvild stuðlar að bættum lífsamböndum og einingu.

Kæru lesendur Lífgeisla. Því miður er þetta fyrsta hefti ársins 1983 of seint á ferð og valda því ýmsar ástæður aðrar en áhugaleysi ritnefndar.

Áskriftargjald: Því miður hefur dýrtíð á öllum sviðum haldið áfram að aukast, og kemur það ekki síður niður á öllu, sem þarf til prentunar og útgáfu hverskonar lefnefni. Þess vegna neyðumst við til að hækka verð ritsins enn frá því sem áður var og verður það nú *kr. 250,00* fyrir þetta ár. Vonumst við eftir, að það fæli engan frá að halda áfram áskrift sinni og öðrum að gerast nýir áskrifendur, en undir fjölda áskrifenda er útgáfa ritsins komin að miklu leyti. Reynið því að afla nýrra áskrifenda, hver eftir sinni getu. Áætlað er að út komi 5 hefti á þessu ári eins og undanfarin ár, hvert eintak 36 bls. eða samtals 180 síður.

Tekjulítið fólk, sem erfitt á með greiðslu, getur fengið ritið sent *ókeypis*, eins og áður, en þá óskum við eftir að verða látnir vita.

Breytt heimilisföng: Við óskum eftir, að þeir sem flytja búferlum láti okkur vita, svo að ritið geti komist til skila.

Efni í ritið: Eins og áður, óskum við eindregið eftir því, að unnendur blaðsins sendi okkur efni til birtingar. Greinar ýmisskonar, í anda hins Nýalska málefni, frásagnir um fyrirbæri, drauma o. fl. eru meðal þess efni sem vel væri þegið og miðar allt að sem mestri fjölbreytni í efni ritsins.

Hjálpumst öll að því að ritið megi verða sem best úr garði gert, bæði að efni og útliti. Með bestu kveðjum.

Ingvar Agnarsson.

EFNISYFIRLIT 40. TBL. 1982:

Þau mistök urðu í prentsmiðju með síðasta hefti LÍFGEISLA, 40. tbl. 1982, að í stað efnisyfirlits, sem þar átti að vera á öftustu síðu, var birt verðskrá yfir Nýala. Við biðjum lesendur að afsaka þessi mistök og birtum hér með efnisyfirlitið, sem birtast átti í síðasta hefti.

ERINDI OG GREINAR:

Reikistjarnan Venus (Sjá forsíðumynd). I. A.	Bls.	146
Saga alheimsins – frá sjónarmiði einstaklings. Þ. G.	–	147
Hlutverk Íslendinga fyrr og nú. I. A.	–	149
Um drauma og líf á öðrum stjörnum. G. K.	–	154
Óyggjandi sambandssönnun. Þ. J.	–	156
Bjarni Bjarnason. I. A.	–	158
Kynleg myndleif. Þ. Á.	–	160
Draumar eru lykillinn. Þ. G.	–	162
Það heitir: The Gospel of the Holy Bible. Æ. J.	–	164
Framþróun tegundanna. St. Pálss.	–	165
Líffræðingur kynnir athyglisverðar nýjungar og meðferð sjúkdóma. Æ.J.	–	166

LJÓÐ:

Í þöku (H. Hesse). Þorsteinn Jónsson þýddi	–	169
Að lífa er að elska. Gunnar Dal.	–	169
Það eina. Ingólfur Jónsson	–	170
Leitin. Kristín Guðmundsdóttir	–	170

DRAUMAR:

Flótti yfir ólgandi fljót. – Draumur. I. A.	–	171
Draumur um götubardaga. I. A.	–	172
Ferð yfir straumharða á. – Draumur. Kr. G.	–	174
Eltingaleikur lögreglu við glæpamann. – Draumur. KR. G.	–	174
Milli svefns og vöku. – Sýn. I. A.	–	175

SAMBANDSFUNDIR:

Sambandstal 9/7 1972. Sv. H.	–	176
Sambandstal 26/8 1972. Sv. H.	–	178

MYR:

Úr ljóðum Símons Jóh. Ág.	–	163
Auglýsing: Íslenskar bækur	–	179
Auglýsing: Verðskrá yfir Nýala	–	180

EFNISYFIRLIT:

ERINDI OG GREINAR:

Vetrarbrautin (Sjá forsíðumynd). I. A.	Bls.	2
Nýalsmál í Svíþjóð (með myndum). Ól. Bj.	—	3
Þrjár ágætær bækur. Þorst. Guðj.	—	5
Guð og Skoðun hjá Aristótelesi.		
Endurútgáfa á EDDU-þýðingu Karls Simrock.		
Þrjár pólstjörnur á þrjúþúsund árum (með mynd).		
Draumar og stilliáhrif fjöldans. I. A.	—	11
Röfin lífsambönd. I. A.	—	14
Um stilliáhrif og drauma. I. A.	—	16
Tvær fagrar vetrarbrautir. I. A.	—	17
Nýall og andstæður hans. Þ. G.	—	18
Tími alheimsins. Þ. G.	—	20
Hnöttur hinna daufu hugarhræringa. — Jörð. Þ. G.	—	21
Efling æðri lífsambanda. I. A.	—	22

LJÓÐ:

„Ljúfilingur, ljúfilingur“. I. A.	—	23
Loki. I. A.	—	24
Vitkumst og vitinu beitum. I. A.	—	24

DRAUMAR:

Draumljóð. — Draumur. I. A.	—	25
„Ég er dáin“. — Draumur. V. H. S.	—	26
Draumur fyrir veikindum. S. G.	—	27

SAMBANDSFUNDIR:

Sambandstal í einrúmi. Sv. Har.	—	29
Sambandstal í einrúmi. Sv. Har.	—	30
Sambandstal í einrúmi. Sv. Har.	—	31
Fyrir miðilsmunn (Nr. 132, 133). G. Hj.	—	32

TIL LESENDA LÍFGEISLA. I. A.	—	34
Efnisyfirlit yfir 40. tbl. Des. 1982	—	35

MYR:

Spekiorð úr kenningum Anaximanders	—	10
Spekiorð úr kenningum Paiesar	—	13
Spekiorð frá ýmsum tímum	—	15
Úr „Gleymd stef en geymd“	—	20